

Menningarlandið 2009



Ráðstefna 11. - 12. maí um menningu og menningartengda ferðapjónustu

Menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, síðar iðnaðarráðuneyti, hafa frá árinu 2001 gert menningarsamninga við sjö samtök sveitarfélaga á Íslandi. Landið allt, utan höfuðborgarsvæðisins, er þannig tengt saman með menningarsamningum og starfi sjö menningarráða. Samningarnir fela í sér markvissan stuðning ríkissjóðs við menningarstarf og menningartengda ferðapjónustu gegn mótframlagi sveitarfélaga og einkaaðila í héraði. Í íslensku samfélagi hafa að undanfögnu átt sér stað miklar breytingar. Það kallar á viðbrögð – ekki síst á sviði menningar – og því tímabært að meta reynsluna af menningarsamningunum og huga að nýrri sókn í nýsköpun og nýtingu menningararfs okkar.

Af því tilefni boða menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við menningarráð landsbyggðarinnar til ráðstefnu á Hótel Stykkishólmi dagana 11. og 12. maí n.k.

Allir þeir sem á einn eða annan hátt tengjast menningarstarfi og ferðamálum á Íslandi eru hvattir til að mæta á ráðstefnuna enda verða þær umræður sem þar fara fram grundvöllur að frekara samstarfi ríkis og sveitarfélaga um menningu og menningartengda ferðapjónustu.

Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar og um skráningu er að finna á www.ferdamalastofa.is.

Skýrsla menntamálaráðherra um skólahald í grunnskólum

Nýlega lagði menntamálaráðherra fram á Alþingi [skýrslu um framkvæmd skólahalds í grunnskólum](#) en samkvæmt 4. grein [laga nr. 91/2008 um grunnskóla](#) skal menntamálaráðherra á þriggja ára fresti gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólahalds í grunnskólum landsins.

Skýrslan tekur til skólaáranna 2004-2005, 2005-2006 og 2006-2007 og skiptist í níu kafla. Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar í texta, töflum og myndum um skólahald í grunnskólum á fyrrgreindum skólaárum, s.s. um fjölda skóla, nemenda, kennara og annars starfsfólks, fjölda kennslustunda og skóladaga, útgáfu námsgagna, úttektir og kannanir, árangur á samræmdum prófum og þátttöku í erlendum samanburðarrannsóknunum, styrki og þróunarverkefni og útgjöld til grunnskóla.

Upplýsingar í skýrslunni byggja að mestu á upplýsingaöflun menntamálaráðuneytis og Hagstofu Íslands. Upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk eru fengnar frá [Námsmatsstofnun](#) og upplýsingar um námsgögn frá Námsgagnastofnun.

Rafræn innritun í dagskóla

framhaldsskóla fer fram 15. maí til 11. júní 2009 á menntagatt.is/innritun. Innritun á starfsbrautir fyrir fatlaða er hafin og lýkur 15. maí, sótt er um á eyðublöðum viðkomandi skóla. Upplýsingar um framhaldsskólanám er á menntagatt.is.

Nám að loknum grunnskóla

Menntamálaráðuneytið hefur látið vinna gagnvirkar upplýsingavef um framhaldsskólanám á Íslandi. Vefurinn er aðgengilegur frá menntagatt.is en bein vefslóð er framhaldsskolar.menntagatt.is. Almenn upplýsingaefni um framhaldsskólanám, innritun og námsleiðir eru aðgengilegar á níu tungumálum, íslensku, ensku, litháísku, pólsku, rússnesku, serbnesku, spænsku, tælensku og víetnömsku.

Hver framhaldsskóli hefur sína eigin upplýsingasíðu þar sem eru aðgengilegar upplýsingar um skólann og þær námsleiðir sem eru í boði auk vísana í skólanámskrár, netföng, símanúmer og fleiri gagnlegar upplýsingar.

Hvatning til sveitarfélaga vegna málefna barna og ungmenna

Samráðshópur [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#), [félagsmálaráðuneytis](#) og [menntamálaráðuneytis](#) sendi nýverið út hvatningarbréf til starfsmanna sveitarfélaga er starfa að málefnum barna og ungmenna. Í bréfinu er hvatt til sérstakrar árvekni gagnvart líðan, námsstöðu og hógum barna og ungmenna í því erfiða árferði sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar og haft getur margvísleg áhrif á aðstæður þeirra. Nánari upplýsingar má nálgast á vefnum samband.is

Menningarsjóður Íslands og Finnlands

Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands kemur saman til fundar í Reykjavík föstudaginn 8. maí 2006 og úthlutar styrkjum fyrir síðari hluta ársins 2009 og fyrri hluta ársins 2010. Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Finnlands og Íslands. Í því skyni veitir sjóðurinn árlega ferðastyrki og annan fjárstuðning. Styrkir eru öðru fremur veittir einstaklingum en einnig er veittur stuðningur við samtök og stofnanir.

Bókmenntakvöld í Norræna húsinu

Í tengslum við stjórnarfund Menningarsjóðs Íslands og Finnlands verður haldið bókmenntakvöld í Norræna húsinu fimmtudagskvöldið 7. maí kl. 20.00 í boði Menningarsjóðs Íslands og Finnlands og Norræna hússins.

Á bókmenntakvöldinu ræðir Marta Guðrún Jóhannesdóttir við Sigurð Karlsson þýðanda og Tapio Koivukari, rithöfund og þýðanda í tilefni af því að í haust koma út tvær finnskar sögulegar skáldsögur sem Sigurður Karlsson hefur þýtt af frummálinu á íslensku. Annars vegar ný þýðing á skáldsögunni Óþekkti hermaðurinn eftir Väinö Linna og hins vegar þýðing á nýrri skáldsögu eftir Taipo Koivukari. Frma fer umræða um sögu okkar tíma, mikilvægi hennar fyrir okkur og hugleiðingar um hið stórbrotna þýðingarverkefni.

Eftir umræðurnar verður boðið uppá léttar veitingar og sýnd kvikmyndin Óþekkti hermaðurinn í leikstjórn Edvin Laine frá 1955 með enskum texta.

Aðgangur að dagskránni í Norræna húsinu er ókeypis og allir eru velkomnir.

